

## Fréttatilkynning

Dagssetning: 09.08.2021

Fréttavakt Cohn&Wolfe fyrir: NASF

Málefni: Ógeðfellt myndefni úr opnum sjókvíum sýnir raunverulega stöðu íslensks sjókvíaeldis

Tilvísun: Fréttatilkynning NASF: Ógeðfellt myndefni úr opnum sjókvíum sýnir raunverulega stöðu íslensks sjókvíaeldis\_09082021

---

### Ógeðfellt myndefni úr opnum sjókvíum sýnir raunverulega stöðu íslensks sjókvíaeldis

Verndarsjóður villtra laxastofna, North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi, segir að nýlegt myndefni kajakræðarans Veigu Grétarsdóttur, staðfesti að opið sjókvíaeldi sé tifandi tímasprengja í íslensku umhverfi og þjóðlífi. Myndefnið sem var sýnt í kvöldfréttum RÚV laugardaginn 7. ágúst sýnir ógeðfellda hlið sjókvíaeldis á Íslandi sem hefur fram að þessu verið hulin almenningi, mikið særðan lax og óhreinar kvíar en að auki hafi komið fram að mikið rusl berist á land.

Þegar hefur borið á slyasleppingum og erfðablöndun sem getur útrýmt villta laxastofninum eins og er að gerast í Noregi, Skotlandi og fleiri löndum. Aðeins ein leið eldis á laxi tryggir viðgang náttúru og efnahagslífs - landeldi enda feta laxeldisfyrirtækin þann veg í nágrannalöndunum þar sem sjókvíaeldi er úrelt og óumhverfisvæn framleiðsluaðferð. Nauðsynlegt er því að banna laxeldi í opnum kvíum áður en orðspor Íslands sem upprunaland hreinna afurða laskast og erlendar verslanir loka á innflutning á laxi vegna umhverfis- og dýraverndunarsjónarmiða.

Ekki er öllum fiski slátrað, stór hluti deyr alltaf úr þrengslum, sjúkdómum og sníkjudýrum án þess að neytendur hafi vitneskju um hvílíkar efnalaugar opnar sjókvíar eru. Sem dæmi drápust um 400.000 laxar í íslenskum sjókvíum í júní á þessu ári og 1.350.000 laxar hafa drepist í sjókvíum það sem af er þessu ári.

## Fréttatilkynning

### Ásýnd sjókvíaeldis nær bara til yfirborðsins

Á yfirborðinu líta opnar sjókvíar út fyrir að vera hentug leið til að framleiða holla og góða næringu. Undir yfirborðinu svamla hins vegar fiskar sem eru oft á tíðum étnir lifandi af laxalús sem fjölgar gríðarlega í sjókvíaeldi og spillir fyrir villtum stofnum laxfiska. Í kvíarnar eru stundum sett þúsundir hrognkelsa hverra örlög eru eingöngu að éta laxalús, deyja og rotna undir kvíunum. Til viðbótar er eitrad fyrir laxalús, en helstu sérfræðingar iðnaðarins sögðu á sínum tíma að laxalús yrði ekki vandamál á Íslandi sökum þess hve sjórinn hér er kaldur. Laxalús er hinsvegar harðgerð óværa og sníkjudýr sem myndar vaxandi þol fyrir eitrunu, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífríkið m.a. á lifur rækju og humars.

### Stjórnvöld hafa sýnt linkind gagnvart rányrkju laxeldisfyrirtækjanna

Því fyrr sem gripið er í taumana því betur mun náttúru- og efnahagslífi Vestfjarða og Austfjarða verða borgið. Ísland mun ekki komast hjá því að feta sömu leið og nágrannabjórinnar. Í Danmörku hefur sú ákvörðun þegar verið tekin að allt eldi verði á landi. Íslendingar geta hins vegar ákveðið að feta sömu leið sjálfir, en ella að þurfa að gera það nauðugir þegar rányrkjan hefur deytt íslenska firði og útrýmt villta laxastofninum. Atvinnulíf í tengslum við laxeldi verður að vera sjálfbært og án áhættu fyrir lífríkið og stuðla að langtíma uppbyggingu en laxeldi verður best fest í sessi sem atvinnugrein með öruggu landeldi.

### Myndefnið sannanlega tekið upp í Arnarfirði og Dýrafirði

NASF heitir þeim trúnaði sem senda myndir eða gögn sem staðfesta neikvæðar hliðar laxeldis í opnum sjókvíum. Í frétt RÚV dró talsmaður laxeldis í efa að myndefnið væri úr þeirra sjókvíum en sjá má íslensk fjöll í bakgrunni við Þingeyri í Dýrafirði og við mynni Geirþjófsfjarðar í Arnarfirði.

Hægt er að fylgjast með baráttu NASF gegn laxeldi í opnum sjókvíum á [www.nasf.is](http://www.nasf.is) og með myllumerkinu #engarsjokvjar.

**Nokkrar staðreyndir um laxeldi í opnum sjókvíum við Ísland:**

## Fréttatilkynning

- Villti laxastofninn telur að meðaltali aðeins um 50-80.000 fiska (oft minna). Í hverri opinni sjókví á Íslandi eru allt að 200.000 fiskar og í heildina eru því í dag um 15.900.000 eldislaxar í kvíum við Ísland. Villtir laxar eiga því við ofurefli að etja, 1 á móti 245.
- Slysasleppingar úr opnum sjókvíum eru alltof algengar og fyrirmæli stjórnvalda sem kveður á um að laxeldi sé einungis heimilt á Vestfjörðum, Austfjörðum og í Eyjafirði hefur ekki komið í veg fyrir göngur eldisfiska í ár langt utan þeirra svæða.
- Talið er að sjálfbær laxveiði villtra laxa geti verið að meðaltali um 100 tonn en stofnin er eins og áður segir að meðaltali 50-80.000 laxar. Á þessu ári þegar lífmassi var sem mestur voru u.þ.b. 15.900.000 frjóir norskir eldislaxar í kvíum við Ísland.
- Náist markmið laxeldisfyrirtækjanna um enn meira laxeldi verður magn frjórra eldislaxa við strendur Íslands yfir 45 milljónir fiska sem er um sex hundruðfallt magn villtra laxa á Íslandi.
- Rannsóknir vísindamanna hafa leitt í ljós að nú þegar er erfðablöndun búin að eiga sér stað í ám á Vestfjörðum og hún mun bara aukast eftir því sem umfang eldisins eykst. Laxastofn Íslands gæti því raunverulega verið í útrýmingarhættu, fyrsta dýrið í fáu Íslands til að mæta þeim örlögum síðan síðasti geirfuglinn var drepinn.
- Viðmiðunarregla segir að fyrir hvert framleitt tonn af eldislaxi sleppi að minnsta kosti einn eldislax. Nái iðnaðurinn markmiðum sínum má ætla að 106.000 eldislaxar sleppi úr sjókvíum við Íslandsstrendur miðað við hámarksframleiðslu.
- Aðstæður við strendur Íslands eru erfiðari en í Skotlandi. Landeldi er eina örugga leið laxeldis.

Nánari upplýsingar veitir Elvar Örn Friðriksson,  
framkvæmdastjóri NASF á Íslandi í síma 823 3248 eða með  
tölvupósti; [elvar@nasf.is](mailto:elvar@nasf.is)